



Waldorfskólinn Sólstafir – heildarmat á skólastarfi

Mars 2013
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

Ritstjórar: Björk Ólafsdóttir og Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Birna Sigurjónsdóttir

Björk Ólafsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hildur Björk Svavarsdóttir

Nanna K. Christiansen

Steinunn Ármannsdóttir

Una B. Bjarnadóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	4
<i>Mat á skólastarfi</i>	<i>4</i>
Svið I Stjórnun og mannauður	7
<i>Fagleg forysta</i>	<i>7</i>
Stjórnandinn sem leiðtogi	7
Stjórnun stofnunar	8
Faglegt samstarf	8
Viðhorf starfsmanna	9
Skólaþróun	9
<i>Stefnumótun og skipulag</i>	<i>11</i>
Starfsáætlun og skólanámskrá	11
Skóladagur nemenda	12
Verklagsreglur og áætlanir	12
<i>Samskipti heimila og skóla</i>	<i>14</i>
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	14
Svið II Nám og kennsla	17
<i>Nám og námsaðstæður</i>	<i>17</i>
Inntak og árangur	17
Skipulag náms og námsumhverfi	17
Kennsluhættir og gæði kennslu	19
Námshættir og námsvitund	20
<i>Þátttaka og ábyrgð nemenda</i>	<i>21</i>
Lýðræðisleg vinnubrögð	21
Ábyrgð og þátttaka	21
Viðhorf nemenda	22
<i>Námsaðlögun</i>	<i>23</i>
Nám við hæfi allra nemenda	23
Stuðningur við nám	24
Svið III Innra mat grunnskóla	25
<i>Framkvæmd innra mats</i>	<i>25</i>
Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	25
Innra mat er markmiðsbundið	25
Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	26
Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	26
<i>Umbótastarf í kjölfar innra mats</i>	<i>27</i>
Innra mat er opinbert	27
Innra mat er umbótamiðað	27
Greining	28
Samantekt	28
Heimildir	33
Fylgiskjöl	33

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Waldorfskólanum Sólstöfum sem fram fór í desember 2012. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Waldorfskólinn Sólstafir yrði einn af þeim skólum sem færi í heildarmat á skólastarfi skólaárið 2012-2013. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum, auk þess sem farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: ***Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið í Waldorfskólanum Sólstöfum voru útbúin fyrir þróunarverkefni um ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020*¹.

Skráður skólastjóri Waldorfskólans er Snorri Traustason. Í skólanum eru 49 nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2012-2013. Nemendur koma víða að á höfuðborgarsvæðinu en flestir eru úr Reykjavík eða 71%.

Í skólanum starfa 11 starfsmenn skólaárið 2012-2013 í 7,8 stöðugildum, þar af kennarar í 6 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 6,28 nemendur á hvert stöðugildi sem er aðeins lægra en í borginni í heild að meðaltali (6,5)^[1]. Ef aðeins er miðað við kennara í Waldorfskólanum eru um 8,16 nemandi á hvert stöðugildi sem er lægra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísi að meðaltali (9,1)^[2].

Waldorfskólinn Sólstafir er nú til húsa í Sóltni 6, en þangað flutti hann haustið 2011. Skólinn hóf starfsemi sína fyrir rúmum áratug eða árið 1999 og starfar eftir Waldorfstefnunni sem er heildræn skólastefna sem byggir á 100 ára grunni. Upphafsmaður hennar var Austurríkismaðurinn Rudolf Steiner og eru Waldorfskólar starfræktir víða um heim og fjölgar stöðugt. Skólinn í Sóltni er sjálfstætt starfandi almennur grunnskóli og nemendurnir sem sækja hann eru á aldrinum 6-16 ára og koma af öllu höfuðborgarsvæðinu. Aðferðafræðin sem notuð er við kennslu miðar að því að laða fram ánægða og skapandi nemendur með frumkvæði og sjálfstæða hugsun (upplýsingar af heimasíðu skólans).

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008:

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

¹ Unnin sameiginlega og samþykkt af skólamálanefndum Félags grunnskólakennara, Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna:

Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr.:

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr.:

Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs.

Menntaráð Reykjavíkurborgar ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 grunnskólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 36 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2012.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans.
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum.
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi.
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs.

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|-------------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófíll skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skólastjóra gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til Skóla- og frístundaráðs | í lok annar |

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu

- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendafélags
 - Sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun
 - Heimasíðu skólans
 - Stundaskrár bekkja/árganga 2012-2013 (eins og þær eru afhentar nemendum)
 - Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
 - Kennsluáætlanir 2012-2013 (sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi)
 - Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
 - Símenntunaráætlun skólans
 - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð er ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Stjórnendur fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna. Fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til sviðsstjóra.

Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Skýrslan er vinnuskjal skólans en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

Svið I Stjórnun og mannauður

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Menntun og velferð nemenda er í öndvegi í Waldorfskólanum Sólstöfum og yfirlýst markmið skólans er að skapa ævilanga hvatningu til þekkingarleitar. Hugmyndafræði skólans byggir á kenningum austurríska heimspekingsins Rudolf Steiner. Í uppeldisstefnu hans er lögð áhersla á að rækta til jafns hug, hjarta og hönd til að barnið nái alhliða þroska sem fulltíða einstaklingur.

Stjórnskipulag skólans byggist á jafningjastjórnun, valddreifingu og samvinnustjórnun og því er enginn sem gegnir hlutverki skólastjóra í innra starfi skólans, þó Snorri Traustason sé formlegur skólastjóri skólans út á við. Að sögn kennara í rýnihópi er litið svo á að Waldorfstefnan sé leiðtogi í starfinu frekar en einhver ákveðinn einstaklingur og kennarar taka mikla ábyrgð á starfi skólans. Skólastjórinn er að sögn kennara ekki í hefðbundnu hlutverki skólastjóra innan skólans. Ákvarðanir um fagleg mál, kennslu og innri mál skólans eru teknar á kennarafundum en hægt er að vísa málum þaðan áfram til stjórnar skólans. Skólinn er rekinn sem sjálfseignarstofnun sem einnig rekur leikskóla. Ein stjórn, skipuð fulltrúum frá leikskólanum og kennurum frá grunnskólanum, er yfir sjálfseignarstofnuninni en hver eining er sjálfráð. Fjármál og daglegur rekstur skólans er í höndum formlegs skólastjóra Waldorfskólans. Skólastjórinn er einn af stofnendum skólans og upphafsmönnum Waldorfstefnunnar á Íslandi og kenndi við skólann um árabil. Sjálfur sagðist hann alls ekki líta á sig og sem skólastjóra eða andlit skólans, verkefnaskipting í skólanum væri mjög fljótandi og ákvarðanir um starfið og kennsluna væru teknar af kennarahópnum í sameiningu. Starfið miðast við að hver og einn kennari gæti unnið út frá sínum styrkleikum.

Skólinn hefur mótað sérstök einkunnarorð: *hugur – hjarta – hönd*, og starfið byggir á skýrri hugmyndafræði og uppeldisstefnu og er sérstaða skólans vel kynnt fyrir foreldrum og öðrum í skólasamfélaginu, m.a. á heimasíðu skólans. Sérstaða stefnunnar er einkum sú að styðja við alhliða þroskaferli barnsins og styrkja sjálfsmynd þess í jákvæðu og styðjandi umhverfi með áherslu á nám. Að sögn skólastjóra taka starfsmenn, foreldrar og nemendur þátt í stefnumótun með ákveðnu árabili, þar sem framtíðarsýn skólans er mörkuð og áherslur Waldorfskólanna. Aðrir aðilar skólasamfélagsins, fyrrverandi nemendur og foreldrar þeirra og áhugamenn um Waldorfstefnuna hafa einnig verið velkomnir í þá vinnu. Þátttakendur í rýnihópi foreldra sögðu að foreldrar væru hvattir til að koma í skólann og koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Aðgengi að kennurum væri mjög gott og boðleiðir stuttar.

Endurgjöf á kennslu er ekki verkefni skólastjórans, heldur fer fram í gegnum jafningjahandleiðslu í kennarahópnum. Kennarinn á að læra með nemendunum og hlutverk hans breytist frá því að stjórna hópnum í yngri bekkjunum og bera ábyrgð á því hvað er rétt og rangt yfir í að verða meðstjórnandi og leiðbeinandi í eldri bekkjum, að sögn skólastjóra.

Stjórnun stofnunar

Stjórnun í Waldorfskólanum Sólstöfum einkennist af valddreifingu og jafningjastjórnun. Ekki liggur fyrir skipurit fyrir skólann né starfslýsingar stjórnanda eða starfsfólks. Á heimasíðu skólans er listi yfir starfsmenn skólans og netföng þeirra en engar upplýsingar eru um starfsheiti eða helstu verkefni hvers og eins. Í starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2012-2013 er listi yfir starfsfólk skólans, starfsheiti, netföng og símanúmer, en starfsáætlunin er ekki aðgengileg á heimasíðu skólans. Menntun og sérhæfing kennara er ekki formlega skráð í skólanum. Í viðtali við skólastjóra kom fram að samkvæmt hugmyndafræði skólans ættu kennarar að fylgja sínum bekk upp allan skólann en það er þó ekki alveg algilt. Í eldri bekkjunum eru kennarar með meiri sérhæfingu en í yngri bekkjum er frekar lögð áhersla á að kennarinn sé að læra með nemendum frekar en að hann hafi sérfræðiþekkingu á námsefninu. Allir kennarar í skólanum eru menntaðir í Waldorffræðum, en það nám hefur ekki verið viðurkennt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Fimm kennarar skólans hafa leyfisbréf á Íslandi sem grunnskólakennarar. Sótt hefur verið um undanþágu fyrir einn leiðbeinanda og barst svar frá undanþágunefnd grunnskóla í febrúar 2013 skv. upplýsingum frá skólanum.

Kennarar í rýnihópi sögðu að stefnan væri leiðtogi starfsins frekar en einhver einn aðili. Þeir töluðu um að þeir gætu þó alltaf leitað til skólastjóra ef þeir þyrftu aðstoð, upplýsingar um námsefni eða annað. Starfsmenn hafa ekki farið í starfsmannasamtöl og kennarar í rýnihópi töldu enga þörf á þeim.

Ekki er til móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn en kennarar skipta með sér verkum við að leiðbeina nýjum starfsmönnum. Jafnréttisáætlun sem miðar að því að jafna stöðu kynjanna á vinnustaðnum er ekki til í skólanum. Til eru verklagsreglur um meðferð eineltis- og ágreiningsmála í starfsmannahópnum og er slíkum málum vísað til stjórnar Sólstafa til úrlausnar. Verklagsreglurnar eru ekki aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Að sögn skólastjóra hafa ekki verið ráðnir nýir starfsmenn í alllangan tíma, en ekki hefur verið aflað upplýsinga úr sakaskrá um þá starfsmenn sem nú starfa við skólann. Starfsfólk og verktakar sem vinna að staðaldir við skólann hafa ekki verið látin undirrita yfirlýsingu um trúnað í starfi en nýjum kennurum og starfsfólki er gerð grein fyrir trúnaðar- og þagnarskyldu í starfinu.

Faglegt samstarf

Í Waldorfskólanum Sólstöfum er mikil áhersla lögð á góð samskipti og samvinnu nemenda og kennara. Í rýnihópum nemenda kom fram að þeir væru ánægðir í skólanum, einkum yngri nemendurnir.

Samstarf kennara einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum. Allir kennarar koma að gerð skólanámskrár og kennarahópurinn tekur í sameiningu allar ákvarðanir sem snerta innra starf skólans og kennsluna. Í rýnihópi kennara kom fram að starfsandinn í skólanum væri góður, mikil nánd og samkennd í starfsmannahópnum. Kennarar í rýnihópi sögðust koma til móts við nemendur og hlusta á hugmyndir þeirra. Þeir sögðu að í yngri aldurshópnum væri stýringin nokkuð mikil enda vildu börnin ramma en þegar komið er á eldri stigin fá nemendur að taka meiri þátt og hafa meira að segja um þær ákvarðanir sem eru teknar. Unnið er með hugmyndir

nemanda í skapandi námi. Nemendur í rýnihópum voru almennt ánægðir með samskipti við kennara og sögðust þekkja þá vel vegna smæðar skólans.

Fastir tveggja tíma fundir eru í skólanum á hverjum fimmtudegi. Á fundunum eru teknar ákvarðanir varðandi kennslu og innra starf skólans og fjallað um mál sem kennarar óska eftir að ræða sérstaklega. Kennarar funda fyrst einir en síðan kemur annað starfsfólk á seinni hluta fundarins. Engin dagskrá er send út fyrir fundina en fundargerðir eru ritaðar. Fram kom í rýnihópi kennara ósk um að dagskrá væri send út fyrir fundina. Ef fólk vill ræða einhver ákveðin mál lætur það vita fyrir fundina. Enginn einn aðili ber ábyrgð á að upplýsa þá sem ekki komast á fundina um efni þeirra en fundargerðirnar eru aðgengilegar fyrir allt starfsfólk skólans í fundargerðabók sem liggur frammi á skrifstofu. Fundargerðir kennarafundanna eru ekki settar á heimasíðu skólans eða birtar opinberlega. Skólinn er með síðu á facebook og heimasíðu þar sem upplýsingar um starfið eru settar inn.

Samstarf hefur verið við Waldorfleikskólana varðandi starfsþróun starfsmanna og fleira. Kennarar skólans hafa sótt námskeið í Waldorffræðum til Osló á hverju ári og einnig farið í framhaldsnám þar en ekki hefur verið formlegt samstarf við kennara í öðrum grunnskólum. Ekkert formlegt samstarf er við framhaldsskóla eða leikskóla, aðra en Waldorfleikskólana.

Viðhorf starfsmanna

Góður starfsandi er í skólanum, að mati kennara í rýnihópnum, persónuleg samskipti og mikil nánd. Samkennd er mikil innan hópsins og allir eru boðnir og búnir að hjálpa til ef á þarf að halda. Starfsmenn eru stoltir af starfinu og skólanum. Boðleiðir eru stuttar, bæði innan starfsmannahópsins og á milli starfsfólks og foreldra. Félagslíf utan skólatíma er ekki mikið í starfsmannahópnum en þó hittist starfsfólk Waldorfskólans og -leikskólanna, m.a. í jólagleði. Þátttakendur í rýnihópi kennara töluðu um að skólinn hefði það orð á sér að taka við börnum sem ekki „eru að meika það í öðrum skólum“. Skólinn tæki við mörgum börnum sem kæmu inn í skólann með erfiða reynslu og liði illa og mikil orka færi í að byggja upp þessi börn og foreldrana sem oft væru líka markaðir af erfiðri reynslu úr öðrum skólum. Að mati kennaranna væri betra að foreldrar veldu skólann út af stefnu hans, ekki bara af því þeir væru á hrakhólum með skóla fyrir börn sín. Kennararnir í rýnihópnum sögðust vera orðnir þreyttir á þessum aðstæðum, en að sama skapi væri gefandi að heyra góð meðmæli frá krökkum úr skólanum sem komin væru í menntaskóla þar sem þeim gengi vel og töluðu um að þau væru heppin að hafa gengið í Waldorfskólann.

Í rýnihópum kennara kom fram að húsnæði skólans væri ágætt en dálítið þröngt. Endalaust væri verið að endurskipuleggja herbergin vegna þrengslanna og sum væru notuð sem fjölnota rými. Nemendur í rýnihópum nefndu að erfitt væri að hitastýra húsinu og oft væri mjög þungt loft. Nemendur matast í einni kennslustofunni sem nýtt er fyrir yngri nemendur og kennarar deila mötuneytinu með nemendum.

Skólaþróun

Unnið er að þróunarstarfi með hag nemenda að leiðarljósi í Waldorfskólanum Sólstöfum. Þróunar- og umbótaáætlun er afrakstur innra mats/sjálfsmats þar sem skilgreint er að hvaða

markmiði skuli stefnt. Ábyrgðaraðilar fara svo yfir hvort markmiðunum hafi verið náð og hvers vegna, ef þau hafa ekki náðst.

Stærsta þróunarverkefnið sem verið er að vinna að í skólanum lýtur að samþættingu markmiða aðalnámskrár og kennslufræði Waldorfmenntastefnunnar. Skólinn fékk styrk úr Sprotasjóði til að vinna að því verkefni. Verið er að hanna lóð skólans og hafa nemendur og foreldrar tekið þátt í þeirri vinnu. Allir kennarar skólans koma með hugmyndir að nýjum þróunarverkefnum og ekki kom fram í rýnihópi kennara að þeir sæju neinar sérstakar hindranir sem stæðu í vegi fyrir frekari framgangi skólaþróunar.

Ekki hefur verið unnin formleg símenntunaráætlun fyrir skólann. Fram kom í rýnihópum kennara og viðtali við skólastjóra að kennarar sækja sína símenntun mikið til Noregs en árlega er boðið upp á vikulöng námskeið í Waldorffræðum í Osló. Námskeiðið er haldið af norsku Waldorfkennarasamtökunum. Skólinn er einnig með símenntunardaga tvisvar á ári, þar sem miðlað er reynsla af skólastarfinu innanlands og erlendir gestakennarar miðla einnig af þekkingu sinni og reynslu. Kennurum stendur einnig til boða að sækja námskeið hérlandis um skólamál og kennslu, hafi þeir áhuga á því. Kennarafundirnir eru meginvettvangur símenntunar við skólann þar sem kennarahópurinn les og ræðir saman um ýmis rit sem tengjast uppeldisstefnu skólans. Í yfirliti yfir símenntun sem lá fyrir við matið kom fram að markvisst hefur verið unnið að því síðustu ár að hækka menntunarstig kennara við skólann og fá réttindi Waldorfkennara metin af menntamálayfirvöldum.

Allir kennarar og starfsfólk skólans mynda matsteymi skólans.

Fagleg forysta

Það sem vel er gert:

- Stjórnskipulag skólans byggist á valddreifingu og jafningjastjórnun. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í skólanum.
- Öllum aðilum skólasamfélagsins er boðið að taka þátt í stefnumótun skólans með ákveðnu árabili.
- Skólinn hefur skýra stefnu og starfar í samræmi við hana.
- Vel er staðið að því að kynna hugmyndafræði og sérstöðu skólans á heimasíðu.
- Gagnkvæmt traust ríkir milli aðila skólasamfélagsins.
- Faglegt samstarf er við Waldorffleikskólana.
- Góð samskipti eru innan starfsmannahópsins og mikil samkennd.
- Samskipti nemenda og kennara eru góð.
- Unnið er að nokkrum þróunarverkefnum við skólann og engar hindranir eru í vegi fyrir frekari skólaþróun, að mati kennara.
- Símenntun tekur mið af áherslum skólans og miðar að því að efla starfsmenn í starfi.
- Unnið hefur verið markvisst að því að hækka menntunarstig kennara við skólann á síðustu árum.

Tækifæri til umbóta:

- Formlegt hlutverk skólastjóra innan skólans er ekki skýrt og óljóst hver ábyrgð hans er gagnvart kennurum, nemendum og foreldrum.
- Þörf er á að skýra hvernig valddreifðri stjórnun er háttað innan skólans.
- Auka mætti upplýsingamiðlun um skólastarfið, gæði þess og árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi.
- Skólastjóri mætti vera sýnilegri í skólanum, leggja meiri rækt við samskipti við nemendur, starfsfólk og foreldra og veita kennurum endurgjöf á kennsluna.
- Æskilegt er að sýna eða gera grein fyrir hvernig stjórnun skólans og skiptingu ábyrgðar á verkefnum er háttað og skrá starfslýsingar stjórnanda og allra starfsmanna.
- Æskilegt er að skrá menntun og sérhæfingu starfsmanna á formlegan hátt.
- Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur ekki fyrir.
- Æskilegt er að verklagsreglur um meðferð ágreinings og eineltismála í starfsmanna-hópnum séu aðgengilegar, t.d. á heimasíðu skólans.
- Afla á upplýsinga úr sakaskrá um allt starfsfólk skólans.
- Bent er á að starfsfólk skal undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu.
- Æskilegt er að setja upp formlega fundaráætlun fyrir árið og senda út dagskrá fyrir fundi.
- Æskilegt er að huga að samstarfi við framhaldsskóla.
- Vinna þarf formlega símenntunaráætlun fyrir skólann.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Starfsáætlun Waldorfskólans Sólstafa var lögð fram sem hluti gagna fyrir heildarmatið en hún er ekki aðgengileg á heimasíðu skólans né með öðrum opinberum hætti. Þegar starfsáætlunin var yfirfarin hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkur taldist hún að mestu leyti í samræmi við grunnskólalög nr. 91/2008, aðalnámskrá grunnskóla (2011) og tilmæli skóla- og frístundasviðs um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur (sjá í fylgiskjöllum: Gátlisti um starfsáætlun skóla). Þó vantar upplýsingar eins og kennsluáætlanir, viðfangsefni innra mats og um starfstíma nemenda. Starfsáætlunin virðist ekki hafa verið uppfærð fyrir skólaárið 2012-2013 að öllu leyti þar sem nokkuð af upplýsingum í henni eru fyrir skólaárið 2011-2012. Skóladagatal 2012-2013 er birt á heimasíðu skólans.

Skólanámskrá liggur ekki fyrir á heimasíðu skólans en drög að nýrri skólanámskrá voru lögð fram fyrir heildarmatið. Fram kom í viðtali við skólastjóra og í rýnihópi kennara að unnið er að því í vetur að vinna skólanámskrá sem samræmist aðalnámskrá grunnskóla og Waldorf hugmyndafræðinni og hlaut skólinn styrk úr Sprotasjóði 2012-2013 til þeirrar vinnu. Skólanámskrárdrögin sem fyrir liggja uppfylla að hluta ákvæði skólanámskrár en í þeim er gerð grein fyrir stefnu skólans, sérstöðu, uppeldis- og kennslufræðilegri stefnu og kennsluháttum. Þá er ennfremur fjallað um innra mat, símenntun kennara, samstarf heimila og skóla og samstarf við leikskóla svo eitthvað sé nefnt. (Sjá nánar í fylgiskjöllum: Gátlisti um skólanámskrá). Námsvísar fyrir íslensku og stærðfræði liggja fyrir, þar kemur fram hvað gert

er á hverju námsstigi en ekki er fjallað um kennsluhætti eða námsmat. Einnig eru upplýsingar um skipulag náms og kennslu í upplýsinga- og tæknimennt, íþróttum, hrynlist og sundi. Að sögn kennara í rýnihóp tekur allt starfsfólk skólans þátt í skólanámskrárgerðinni en til þessa hefur ekki verið um beina aðkomu fyrir foreldra eða nemendur að mótun hennar.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og stundatafla er samfelld með góðum hléum. Skólinn opnar kl. 8:15 og kennsla hefst kl. 8:45 með aðalkennslustund sem stendur í 105 mínútur. Aðrar stundir dagsins eru 40 mínútna langar. Frímínútur eru í 30 mínútur eftir aðalkennslustund og 10 mínútur milli þriðju og fjórðu stundar og fimmtu og sjöttu stundar. Matarhlé er í 40 mínútur í hádegi. Stundatöflur eru eins uppbyggðar og dagar jafnlangir hjá öllum aldurshópum. Í 1.-5. bekk er vikulegur námstími nemenda lengri en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir en skemmri í 6.-10. bekk. Nemandi sem er alla sína grunnskólagöngu í Waldorfskólanum fær í heildina 13.400 vikustunda kennslu en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir 13.440 stundum alls. Ekki er gerð grein fyrir þessu fráviki í drögum að skólanámskrá eða á heimasíðu skólans.

Skólinn nýtir svigrúm viðmiðunarstundaskrár, t.d. til að taka fyrir námssvið á skemmri tíma en heilum vetri til að þau hafi meira vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil. Þannig eru öll verkefni og að einhverju leyti námsgreinar kenndar í lotum yfir skólaárið. Gerð er grein fyrir þessum lotum á stundaskrám nemenda. Í aðalkennslustund er tekið fyrir það námssvið eða grein sem til umfjöllunar er hverju sinni og byrjað á innlögn og umræðum síðan taka við skipulagðir leikir og hreyfing (Drög að skólanámskrá, s. 33). Handverk er á stundaskrá 6 tíma á viku hjá öllum nemendum eða tvo tíma eftir hádegi þrjá daga vikunnar. Í þessum tímum sem fara fram í heimastofu nemendahópsins er fengist við fjölbreytt viðfangsefni í fjögurra vikna lotum, s.s. tálgun, þrjón, leiklist og leirmótun. Einn dagur er tekinn í vettvangsferð frá kl. 11:00 hjá 1.-5. bekk.

Ekki er boðið upp á valgreinar fyrir nemendur í 8.-10. bekk eins og aðalnámskrá gerir ráð fyrir.

Nemendur í 1.-5. bekk eru ekki með sund eða íþróttatíma á stundatöflu en útikennsla/leikir og hreyfing er á stundatöflu þeirra 2 tíma í viku. Á stundatöflu eldri nemenda eru aðeins 70 mínútur í sundi og íþróttum á viku en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir 120 mínútum. Í skólanámskrá segir að nemendur fái 20 tíma sundnámskeið að vori eða hausti eftir því hvenær sundaðstaða og kennsla býðst skólanum (Skólanámskrá, s. 34). Hreyfing er hluti af daglegu skólastarfi og með því uppfyllir skólinn markmið námskrár að þessu leyti.

Verklagsreglur og áætlanir

Á heimasíðu skólans er skilgreint hvað einkennir góða skólamenningu og hvernig stuðlað er að henni í Waldorfskólum. Skólareglur hafa verið unnar og er gerð grein fyrir þeim í starfsáætlun og í handbók nemenda og foreldra, en ekki á heimasíðu skólans. Reglurnar eru lítið sjáanlegar í skólanum, til dæmis á veggjum skólstofa, og segja eldri nemendur í rýnihóp að ekki sé sérstaklega farið yfir reglurnar með þeim: „maður bara kemst að þeim, ef maður gerir eitthvað rangt þá bara fattar maður þær“. Skólareglurnar sjálfar eru að mestu í samræmi

við ákvæði í reglugerð nr. 1040/2011 en viðbrögð við brotum á þeim eru það ekki (sjá í fylgiskjöllum: gátlisti um skólareglur). Í rýnihóp nemenda kom fram að þeir hafi verið þátttakendur í gerð skólareglna „einhvern tíma“. Til viðbótar við almennar skólareglur fyrir skólann í heild eru að sögn skólastjóra unnar bekkjareglur fyrir hvern bekk.

Nemendaverndarráð er lögum samkvæmt starfandi í skólanum. Forvarnaráætlanir liggja ekki fyrir né verklagsreglur og viðbrögð við einelti. Í starfsáætlun skólans er talað um að forvarnarstarf og jafnréttisáætlun sé framkvæmd af hverjum bekkjakennara fyrir sig í gegnum félagsmótun bekkja og námsefni. Um viðbrögð við einelti segir að unnin sé einstaklingsbundin áætlun fyrir hvert vandamál sem upp komi og þar sé kennari viðkomandi bekkjar fulltrúi nemandans.

Í starfsáætlun er fjallað um hvernig staðið er að sérkennslu og stoðþjónustu í skólanum en ekki er til áætlun um stuðning í námi og þjónustu við nemendur með sérþarfir. Kannanir og skimanir á nemendum, til að finna þá sem þurfa námsaðstoð, eru ekki framkvæmdar í skólanum en fram kemur í starfsáætlun að í vinnslu sé samstarfssamningur við Þjónustumiðstöð Miðbæjar og Hlíða um að skólinn geti leitað til þeirra með skimanir á nemendum.

Ekki hefur verið unnin áætlun um móttöku nýrra nemenda né nemenda með annað móðurmál en íslensku eða nemendur með sérþarfir. Í starfsáætlun kemur fram að það sé vegna smæðar skólans. Hvernig staðið er að móttöku nýrra nemenda er alfarið á ábyrgð viðkomandi bekkjakennara.

Viðbragðsáætlun skólans vegna heimsfaraldurs inflúensu frá árinu 2009 liggur fyrir við matið en ekki annað áhættu- eða öryggismat.

Stefnumótun og skipulag

Það sem vel er gert:

- Unnið er að mótun skólanámskrár til samræmis við aðalnámskrá með styrk frá Sprotasjóði.
- Leiðir til að stuðla að jákvæðum skólabrag eru hluti af grundvallar hugmyndafræði Waldorfstefnunnar sem unnið er eftir í skólanum.
- Námsgreinar/ viðfangsefni eru sett upp í lotur yfir skólaárið sem gefur kost á heildstæðri vinnu nemenda.
- Skólareglur liggja fyrir og nemendur hafa tekið þátt í að móta þær.

Tækifæri til umbóta:

- Bent er á að starfsáætlun þarf að endurskoða og uppfæra árlega.
- Gæta þarf að því að starfsáætlun birti allar upplýsingar sem hún á að birta samkvæmt 12. kafla aðalnámskrár.
- Ljúka þarf skólanámskrárgerð til samræmis við 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla og huga að aðkomu foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila að þeirri vinnu, eftir því sem við á.

- Við endurskoðun skólanámskrár þarf að skoða sérstaklega hvernig grunnþættir aðalnámskrár; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun, birtast í henni.
- Starfsáætlun, skólanámskrá og námsvísar eiga að vera aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Afla þarf leyfis mennta- og menningarmálaráðuneytis til að færa tíma á milli árganga með lengri skóladegi yngri nemenda og skemmri hjá eldri nemendum en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir. Gera þarf foreldrum grein fyrir þessu fráviki við inntöku nemenda í skólann.
- Æskilegt er að láta koma fram á stundaskrá nemenda að markviss hreyfing er hluti af aðalkennslustund.
- Fyrir liggur að endurskoða þarf skólareglur á grundvelli reglugerðar nr. 1040/2011, einkum þann hluta sem lýtur að viðbrögðum við agabrotum.
- Bent er á að skólareglur þyrftu að vera sýnilegri, til dæmis með því að hafa þær sýnilegar í skólastofum og á heimasíðu skólans.
- Vinna þarf heildstæða forvarnaráætlun fyrir skólann þar sem m.a. kemur fram áætlun í fíknivörnum, áfengis- og tóbaksvörnum, áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi og áætlun í öryggismálum og slysavörnum. Einnig áætlanir um jafnrétti og mannréttindi, viðbrögð við áföllum og agamál sbr. kafli 12 í aðalnámskrá.
- Skilgreina þarf verklag um móttöku nýrra nemenda, nemenda með sérþarfir og nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Móta þarf árlega áætlun um stuðning í námi og þjónustu við nemendur með sérþarfir í samræmi við reglugerð 585/2010.

Samskipti heimila og skóla

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Í stefnu skólans er lögð áhersla á að skapa sterk tengsl milli skóla og heimila. Foreldrar fá tækifæri til að vera í tengslum við skólann með þátttöku í viðburðum og undirbúningi þeirra og með þátttöku í foreldrafélaginu. Á heimasíðunni eru ekki frekari upplýsingar um foreldrafélagið, skólaráð eða annað sem snýr að foreldrasamstarfi (heimasíða skólans; 2.1.2012).

Í foreldrakönnun skóla- og frístundasviðs vorið 2012 svöruðu 17 foreldrar í Waldorfskólanum könnuninni af 24 í úrtaki eða 71%.

Helstu niðurstöður voru þær að 94% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann almennt og er það sama hlutfall og árið 2010 þegar könnunin var síðast lögð fyrir. Þetta er mikil hækkun þar sem um 77% voru ánægðir með skólann árið 2008. Ánægja foreldra í öðrum grunnskólum í Reykjavík var að meðaltali 84% árið 2012.

Í heildina voru niðurstöður skólans góðar í foreldrakönnuninni fyrir skólaárið 2011-2012.

Ánægja með umsjónarkennara var mjög mikil eins og víðar í borginni og hefur ánægjan haldist stöðug frá síðustu könnun árið 2010 en minni ánægja var í könnuninni 2008. Nær allir foreldrar eru nú ánægðir með viðmót, samskipti og upplýsingamiðlun frá kennara. Helst mætti skoða upplýsingar um líðan og félagsanda í bekk sem um 77% foreldra voru ánægðir með. Ánægja með stjórnun skólans hefur aukist töluvert.

Spurningar um líðan barnanna í skólanum komu nokkuð vel út, þó heldur undir meðaltali í Reykjavík, en hafa ber í huga að þátttakendur eru fáir og hver og einn getur haft mikil áhrif á hlutföll. Líðan í kennslustundum mældist lægri en í frímínútum og skólanum almennt sem er ekki það mynstur sem almennt mælist í grunnskólum í Reykjavík. Einelti meðal nemenda mældist 10% í foreldrakönnuninni nú en var 24% í könnuninni árið 2010, hér á við sami fyrirvari um fæð þátttakenda. Meðaltal annarra skóla vorið 2012 var 11%. Mikil ánægja var með samskipti starfsfólks við barnið og 88% töldu skólann koma vel til móts við þarfir barnsins.

Foreldrarnir sem tóku þátt í könnuninni voru misjafnlega sáttir við áherslur skólans, kröfur til nemenda og aga. Um 80% sögðu barnið fá verkefni við hæfi í skólanum og 71% fannst agi í skólanum vera hæfilegur en 80% voru sama sinnis í öðrum skólum í Reykjavík. Þeim sem fannst agi ekki hæfilegur fannst öllum að agi væri of lítill. Flestir foreldranna voru sáttir við námslegar kröfur og heimavinnu barnsins. Hlutfall foreldra sem aðstoða barnið alltaf eða oft við heimanám var 50% sem er heldur lægra en í öðrum skólum í Reykjavík. Ekkert foreldri hafði tekið þátt í að gera námsáætlun með barni sínu en um 40% fannst það vera mikilvægt verkefni, engum fannst það lítilvægt.

Um helmingur foreldra var ánægður með aðstöðu á skólalóð og mun fleiri voru ánægðir með gæslu á skólalóð heldur en almennt í Reykjavík, eða 71% í samanburði við 44%. Einungis um 30% foreldra voru ánægðir með aðstöðu til íþróttaiðkunar og aðgang nemenda að tölum, en meiri ánægja var með aðstöðu fyrir verklegar greinar en almennt í öðrum skólum í Reykjavík.

Foreldrar í rýnihópi sögðu að þeir væru oft hvattir til að taka þátt og mæta á ýmsa viðburði, nemendasýningar, vettvangsferðir og eitthvað væri um að foreldrar litu inn í kennslustundir þó það væri ekki formlegt skipulag í kringum það. Foreldrar kæmu líka inn í fjáröflun fyrir skólann og tækju vinnudaga s.s. vegna húsnæðis og lóðar.

Skólareglur væru í raun eins og almennar umgengnisreglur en þó væri regla um að hafa ekki gsm síma á skólatíma sem er nýtilkomin. Sjálfbærni og umhverfisvernd væru greinilegar í skólastarfinu. Stefna skólans væri að styrkja einstaklinginn og hæfileika hans, hún virkaði mjög vel fyrir flesta en þó væri þetta erfitt fyrir suma nemendur í byrjun, að þurfa að bera ábyrgð og setja sér mörk. Námsáhuginn yrði svo meiri og meiri eftir því sem nemendur verða eldri og var það reynsla eins úr rýnihópnum að þegar í framhaldsskóla kom var ekki til staðar námsþreyta eins og hjá sumum sem koma úr almennum grunnskólum.

Waldorfskólinn notar ekki Mentor sem upplýsingagátt fyrir foreldra en foreldrar í rýnihópi töldu ekki þörf á því þar sem auðvelt væri að nálgast upplýsingar hjá skólanum og kennurum. Það væri hins vegar mikilvægt fyrir foreldra að kynnast öðrum í foreldrahópnum til að skilja stefnuna og skólastarfið og eins kynnast kennurum skólans.

Skólaráð og foreldrafélag

Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra er eiginlegt skólaráð ekki starfandi við skólann heldur er það foreldrafélagið og foreldrahópurinn í heild sem koma að öllum stærri ákvörðunum sem snúa að skólastarfinu. Að mati skólastjóra er foreldrahópurinn í raun of fámennur til að þess fulltrúalýðræði þurfi til að tryggja aðkomu foreldra að ákvarðanatöku. Í rýnihópi foreldra kom fram að foreldrar hefðu aðgang að kennarafundum og skólastjórafundum ef þyrfti að kynna vinnu foreldrafélagsins eða önnur erindi. Einnig væru foreldrar hvattir til að koma skoðunum sínum á framfæri. Nýlega var haldinn þjóðfundur í skólanum þar sem fjallað var um nám og kennsluhætti í skólanum með þátttöku kennara og foreldra.

Foreldrafélag er starfandi við skólann en upplýsingar um það liggja ekki fyrir á heimasíðu skólans. Eftir flutninga úr Breiðholti hafa margir nýir foreldrar bæst við en aðrir hætt, svo enn er verið að vinna úr því í foreldrafélaginu. Fulltrúar úr hverri bekkjareiningu og þrír úr stjórn foreldrafélagsins hafa verið að hittast til að móta stefnu fyrir foreldrafélagið.

Foreldrafélagið kemur að ýmsum verkefnum fyrir skólann, s.s. vinnudögum vegna húsnæðis og lóðar, fjáröflun og stefnumótun með kennurum skólans.

Samskipti heimila og skóla

Það sem vel er gert:

- Ánægja með umsjónarkennara jókst töluvert í foreldrakönnun 2010 og sú niðurstaða hefur haldist í könnuninni 2012.
- Mikil ánægja er með samskipti við starfsfólks og ánægja með gæslu á skólalóð er mun meiri en í öðrum skólum.
- Samkvæmt rýnihópi foreldra eru foreldrar hvattir til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem snerta skólastarfið. Stefna skólans um að styrkja einstaklinginn virkaði mjög vel og nemendur öðluðust sjálfstraust og öryggi í samskiptum.

Huga þarf að umbótum á:

- Ekkert foreldri hafði tekið þátt í að gera námsáætlun með barninu skv. foreldrakönnun en um 40% foreldra í könnuninni lýsti yfir áhuga á því.
- Um þriðjungur foreldra telur að agi í skólanum sé of lítill sem getur m.a. endurspeglast í þeirri niðurstöðu að mat þeirra á líðan nemenda í kennslustundum er lægra en í frímínútum og skólanum í heild sem er öfugt mynstur m.v. aðra skóla í Reykjavík.
- Aðstaða til íþróttaiðkunar og aðgengi nemenda að tölvum er ekki nógu gott skv. foreldrakönnun 2012.
- Ekkert skólaráð er starfandi við skólann eins og skylt er skv. lögum um grunnskóla.

Svið II Nám og kennsla

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Nemendur skólans hafa hvorki tekið þátt í lesskimunni *Læsi* sem er lögð fyrir nemendur í 2. bekk, né *Talnalykli* sem er stærðfræðiskimun fyrir nemendur í 3. bekk, sem nær allir skólar í Reykjavík taka þátt í.

Samræmd könnunarpróf

Vegna þess hve fáir nemendur eru yfirleitt í árgangi er ekki greint frá árangri nemenda á samræmdum prófum hvert ár í skýrslum Námsmatsstofnunar, en hægt er að fá meðaltal árganganna á nokkurra ára fresti. Í töflunni má sjá annars vegar meðaltal árána 2005-2009 og svo 2007-2011 (þó er ekki birt meðaltal í stærðfræði í 4. bekk seinna tímabilið). Fyrri tímabilið er meðaltal Reykjavíkur ekki gefið upp en það er yfirleitt rétt um 30.

	Meðaltal 2005-2009	Meðaltal 2007-2011
4. bekkur		
Íslenska	27,5	25,8*
Reykjavík	-	30,8
Stærðfræði	27,2	-
7. bekkur		
Íslenska	23,4	21,3
Reykjavík	-	30,7
Stærðfræði	25,3	22,5
Reykjavík	-	30,7
10. bekkur		
Íslenska	25,1	25,2
Reykjavík	-	30,9
Stærðfræði	25,4	25,5
Reykjavík	-	31,0
Enska	31,1	30,1
Reykjavík	-	31,5

Meðaltalsárangur nemenda í Waldorfskólanum er í öllum greinum og aldursbilum undir meðaltali Reykjavíkur, sérstaklega í 7. bekk. Árangur í ensku í 10. bekk er þó í kringum meðaltal. Í skýrslu Námsmatsstofnunar vegna samræmdra prófa 2012 eru hvorki birtar niðurstöður ársins né 5 ára meðaltal 2008-2012.

Skipulag náms og námsumhverfi

Í skólanum er unnið út frá hugmyndafræði Rudolfs Steiners og Waldorfskólafestnu. Skipulag námsins og námsumhverfi taka mið af þessari hugmyndafræði. Markmið Waldorf-menntunarinnar er að *hlúa að heilbrigðum þroska í hverju barni; gera börnum kleift að nýta hæfileika sína og hjálpa börnum að þróa þá færni sem þau þurfa til að leggja sitt af mörkum í samfélaginu* (Drög að skólanámskrá, s. 4). Í skólanámskrá skólans sem liggur fyrir í drögum þegar heildarmatið fer fram er gerð grein fyrir hugmyndafræði menntastefnunnar og

þroskaferli barna sem skiptist í þrjú grunnstig sem samsvara forskólastiginu, grunnskólastiginu og framhaldsskólastiginu. Gert er ráð fyrir að mannlegur þroski fari í meginatriðum eftir dæmigerðri tímatöflu sem samþættir líkamlegan, sálfræðilegan og andlegan þroska (sama, s. 6). Verkefni kennarans er að tryggja að námsumhverfi barnsins sé uppbyggt á meðvitaðan og ákveðinn hátt og að skynáhrifin séu í samræmi við þroskaþarfir þess (Drög að skólanámskrá, s.13).

Kennt er í lausum stofum sem eru samtengdar í tvær byggingar á skólalóðinni. Í annarri eru yngri nemendur í tveimur hópum, 1. bekkur er einn námshópur og 2.-3. bekkur er í samkenndu. Nemendur í 4.-10. bekk eru í þremur námshópum í hinni byggingunni, samkenndu er í 4.-5. bekk, 6.-8. bekk og 9.-10. bekk. Stofurnar eru rúmgóðar fyrir hópana sem þar eru. Mikil áhersla er lögð á handverk og eru tvær stundir þrisvar í viku merktar handverki hjá öllum árgöngum. Í þessum stundum eru fjölbreytt verkefni á sviði list- og verkgreina og einnig heimspeki. Annað val hafa nemendur ekki að því er séð verður. Nemendum í unglingadeild er ekki boðið upp á valgreinar eins og viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir.

Drög að námskrám einstakra greina liggja fyrir. Þar segir m.a. að miðlun námsefnis fari að stórum hluta fram sem frásagnarlist (Námskrá; íslenska). Inntak og markmið eru tilgreind í námskránum en ekki fjallað um kennsluhætti eða námsmat nema í námskrá fyrir dönsku. Aðalnámskrá virðist lögð til grundvallar markmiðum hvers árgangs en ekki alltaf í þeirri röð sem í aðalnámskránni er gert ráð fyrir. Einnig koma fram sérstakar áherslur skólans í samræmi við stefnu hans, s.s. nám í hrynlist.

Námskrá Waldorfskólans stýrir námi nemenda að sögn skólastjóra: „við erum að fara í gegnum menningarsöguna aftur á bak“. Ákveðin menningartímabil eru byggð inn í hvert námsár og inn í þau koma síðan námsgreinar. Byrjað er á heimi ævintýra, síðan teknar dæmisögur og helgisagnir, gamla testamentið og norræna goðafræðin, Mesopotamia, Egyptaland og Grikkland, Rómaveldi og miðaldir, endurreisnin og upplýsingin. „Þetta er mikið ferðalag og við byggjum upp okkar stemmningu, að mæta börnunum þar sem þau eru þannig lagað“, sagði skólastjóri í viðtali. Þessar áherslur birtast ekki í þeim drögum að námskrám sem fyrir liggja við matið.

Námssvið/námsgreinar eru unnar í lotum yfir skólaárið og er gerð grein fyrir lotunum á stundaskrá nemenda. Nemendum finnst þægilegt að námið sé tekið fyrir í lotum, segir í rýnihópi þeirra, „myndum ekki vilja hafa þetta öðruvísi“. Æskilegt er að í skólanámskrá komi fram markmið skólans með þessu námsskipulagi. Að sögn nemenda í rýnihópi útbúa þeir eigin vinnubækur og skrifa í þær, t.d. útdrætti úr goðasögum, og við „teiknum fullt af myndum“.

Í 1.-4. bekk er lítið eða ekki gert ráð fyrir heimanámi, nema í lestri. Hjá nemendum í 5. og 6. bekk vinna nemendur föst heimaverkefni og „gæluverkefni“, eins og þau eru nefnd í rýnihópi kennara. Hjá unglingastigi er „komin þétt heimavinna“, að sögn kennara, en nemendum í rýnihópi fannst heimnám ekki mikið: „við vinnum flest í skólanum“.


Sýnishorn af kennsluáætlunum og matsblöðum frá síðasta skólaári liggja fyrir. Þar koma fram markmið námsins í lotunni og árangur hópsins og einstakra nemenda. Matið lýsir þátttöku og vinnubrögðum nemenda en ekki námsárangri. Samkvæmt því sem fram kom í rýnihópi foreldra taka nemendur ekki próf nema samræmd próf en kannanir eru lagðar fyrir. Ekki verður séð að nemendasamtöl séu fastur liður í samskiptum nemenda og kennara.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Í rýnihópi nemenda kom fram að þeim finnst kennararnir góðir og kunna það sem þeir eru að kenna, „betri en í öðrum skólum“, en „sumir kennarar hlusta betur á suma nemendur en aðra“ og það finnst þeim ósanngjarnt. Þátttakendur í rýnihópnum töluðu líka um ólíkar aðferðir kennara við að skýra sömu þætti, en sögðu jafnframt að þetta hafi nú verið lagað. Tengsl nemenda eru mest við umsjónarkennarann að þeirra sögn.


Mikil áhersla er á útinám, að því er fram kemur í rýnihópi kennara, og vettvangsferðir eru á stundaskrá einu sinni í viku, „þá er farið út og við lærum eitthvað og svo er unnið út frá því í tvo daga“. Þetta tengist því námi og verkefnum sem eru í gangi hverju sinni og nemendur læra að vera saman og vinna saman. Að hausti er lífsleikninámskeið sem stendur í viku „það er eldað úti og allt gert úti“ og farið upp í Öskjuhlíð með alla nemendur.

Farið var í vettvangsheimsókn í alls 12 kennslustundir og þar af voru 10 metnar. Heimsóknirnar dreifðust á alla námshópa og flestar námsgreinar. Stundirnar voru flestar vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur, en það á þó ekki við um allar stundir sem heimsóttar voru (sjá fylgiskjal 3: Vettvangsathuganir)



Skráð var hvaða kennsluhættir voru notaðir í þessum stundum, merkt var við 1-3 atriði í hverri stund. Í 29% stundanna voru nemendur í verkefnavinnu undir stjórn kennara a.m.k. hluta tímans og í 23% stundanna var bein kennsla eða innlögn stundum með spurningum til nemenda (sjá einnig fylgiskjal 3: Vettvangsathuganir). Merkt var við verklegt og sköpun og tjáningu í 36% tilvika, sem er töluvert

hærra en að meðaltali í öðrum skólum (18%). Merkt var við samvinnu nemenda í alls 6% tilvika sem er lægra en meðaltal (9%), sjá meðfylgjandi mynd.



Gæði kennslustunda

Farið var í vettvangsheimsókn í alls 12 stundir, tvær stundanna voru ekki metnar, en lagt var mat á gæði 10 kennslustunda samkvæmt viðmiðum sem notuð eru við heildarmatið (sjá fylgiskjal 2: Viðmið um gæði kennslu). Af þeim voru 6 stundanna metnar góðar, 2 viðunandi og 2 óviðunandi. Engin stund var metin frábær. (Fylgiskjal 3: Vettvangsheimsóknir).

Að meðaltali er hlutfall gæða kennslustunda í þeim grunnskólum sem metnir hafa verið sl. ár þannig: Frábærar 10%, góðar 63%, viðunandi 25%, óviðunandi 2%.

Gæði kennslustunda eru metin m.a. út frá því hve vel og markvisst kennari skipuleggur stundina, hversu vel tíminn er nýttur og hvort nemendur eru virkir og áhugasamir.

Kennslustund sem metin er viðunandi uppfyllir ekki alla þessa þætti en er samt í meginatriðum í lagi. Kennslustund sem metin er óviðunandi uppfyllir ekki viðmið um gæði kennslustundar í meginþáttum, slíkt þarfnast sérstakrar umræðu og skýringa (sjá einnig fylgiskjal 2, Viðmið um mat á gæðum kennslustundar og fylgiskjal 3: Vettvangsheimsóknir).

Námshættir og námsvitund

Í menntunarstefnu skólans er lögð áhersla á það meginverkefni að styrkja „ég-ið“, *hinn andlega kjarna hvers barns ... koma upp hæfileikum til að tjá sig og hjálpa því til að lynda við heiminn og annað fólk á félagslega frjósaman hátt* (Drög að skólanámskrá, s. 9). Áhersla er á að gera nemendur sjálfstæða í námi og „styrkja einstaklinginn með sína hæfileika“, eins og fram kom í rýnihópi foreldra og er það að þeirra mati kostur við skólann. Stefnan byggir einnig á að kveikja áhuga hjá börnunum og vilja til að afla sér þekkingar og stefnt er að vaxandi ábyrgð nemenda á námi sínu.

Nemendum í rýnihópi finnst skólinn „leyfa nemendum að læra eins og þeim finnst best að læra“. Þeir gera sér ekki eigin námsáætlanir en setja sér ýmis markmið í náminu. Nemendur fá góða endurgjöf á þátttöku sína og vinnubrögð í námsverkefnum. Í flestum stundum sem heimsóttar voru fengust nemendur við sama verkefni á sama tíma.

Nám og námsaðstæður

Það sem vel er gert:

- Mikil áhersla er lögð á sköpun, tjáningu og handverk og nemendur fást við fjölbreytt viðfangsefni á sviði list- og verkgreina.
- Mikil áhersla er á útinám og vettvangsferðir eru á stundaskrá einu sinni í viku.
- Nemendur fá góða endurgjöf á þátttöku sína og vinnubrögð í námsverkefnum.
- Áhersla er lögð á að kveikja áhuga á náminu hjá börnunum og vilja til að afla sér þekkingar og stefnt er að vaxandi ábyrgð nemenda á námi sínu.

Tækifæri til umbóta:

- Skólinn móti sér stefnu til að skima snemma fyrir námserfiðleikum, t.d. með því að nemendur skólans taki þátt í lesskimunni *Læsi* og stærðfræðiskimuninni *Talnalykli*.
- Efla árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum.
- Auka gæði kennslu og fjölbreytni í kennsluháttum, sérstaklega á unglingastigi.
- Brýnt er að birta námsvísa/námskrár einstakra greina og árganga.
- Æskilegt er að í skólanámskrá komi fram markmið skólans með því að skipuleggja nám nemenda í lotuverkefnum.
- Æskilegt er að auka val nemenda og leita leiða til að bjóða nám í valgreinum á unglingastigi.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

„Það er mikil hlustun milli nemenda og kennara“, sögðu kennarar í rýnihópi og nefndu einnig að í skapandi námi væri tækifæri til að grípa hugmyndir nemenda og vinna með þær áfram. Annar kennari nefndi svokallaða fréttatíma á hverjum degi þar sem nemendur fá tækifæri til að segja frá fyrir framan hópinn og fá þannig þjálfun í framsögn og hlustun. Nemendur sýna leikrit sem þau skrifa sjálf og færa upp og tengist það jólasýningu en einnig námi í goðafræði, „þannig að það er alltaf þessi samþætting á milli námsgreina“.

Nemendafélagið í skólanum „gerir lítið“ að mati þeirra sem voru í rýnihópi eldri nemenda. Þau nefndu skólaráð sem tveir nemendur sitja í og sögðu ráðið tala við bekkina um það sem er framundan og hverju þau vilji breyta í skólanum. Nemendur í rýnihópnum voru þó ekki vissir um hvort þeir gætu haft áhrif á umhverfi sitt, en þeir virtust þekkja leiðir til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og sögðu aðspurð að skólinn sé lýðræðislegur.

Kennarar koma fram við nemendur af tillitssemi og virðingu en miðað við vettvangsathuganir vantaði stundum upp á að nemendur sýndu hver öðrum tillitssemi.

Ábyrgð og þátttaka

Nemendur í rýnihópi könnuðust við að hafa sett sér markmið í náminu þannig að allir séu búnir að læra eitthvað ákveðið á ákveðnum tímapunkti, bæði sem hópur og sem einstaklingar, þó þau markmið séu ekki sett á blað, t.d. „að vera komin á þessa bls. fyrir jól“.

Náms-/kennsluáætlanir sem liggja fyrir við matið sýna fyrst og fremst námsmarkmið og í þeim sem eru frá fyrra ári er síðan lagt mat á framkvæmd og árangur. Áætlanir eldri hópa eru ítarlegri en þeirra yngri. Ekki er ljóst hvort þessar áætlanir eru birtar nemendum og foreldrum, eða hvort nemendur taka þátt í að meta eigin árangur í námi.

Um námsmat er fjallað í starfsáætlun skólans. Þar segir að í skólanum sé lögð áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir og er símat á framförum og hæfni nemenda aðalmælikvarði námsmats í skólanum. Unnið er að því að innleiða leiðsagnarmat á efsta stigi skólans (Starfsáætlun, námsmat).

Mikil áhersla er lögð á að nemendur læri að koma fram og allir nemendur eru með í jólasýningu. Kennarar í rýnihópi sögðu það „mikið kraftaverk að sjá barn sem hefur verið feimið og átt erfitt með að vera í hóp allt í einu blómstra í því að koma fram í leikriti“.

Viðhorf nemenda

Ekki liggur fyrir viðhorfskönnun allra nemenda, s.s. úr Skólapúlsinum eða frá Rannsóknnum og greiningu sem flestir skólar í Reykjavík taka þátt í. Nemendafjöldi er ein ástæða fyrir því.

Í rýnihópi yngri nemenda sögðust þátttakendur allir kunna að lesa, það gangi vel að læra í skólanum og þeir nefndu fjölbreyttar kennsluaðferðir, s.s. útikennslu, leikrit, sögugerð og kennslu frá töflu. Þeim fannst námsefni hæfilega erfitt og sögðu að ennþá væri ekkert heimanám hjá þeim. Yngri nemendurnir voru ánægðir með kennara sína, þeir leyfi þeim að vera í fríi og frjálsum leik fyrir utan kennsluna og sögðu að kennararnir hlustuðu á þau og hrósuðu þeim.

Nemendurnir töldu upp margar skólareglur sem þeir þekktu og sögðu að einnig væru bekkjarreglur þó þeir vissu ekki hvar þær væru að finna. Vinnufriður mætti vera betri en aðrir nemendur væru oft að kalla á samnemendur í tímum og trufla þá. Nemendunum í rýnihópnum leið vel í skólanum og voru ánægð með hann. Þeir sögðu að það væri alltaf smá um stríðni en þá myndi kennarinn tala við nemendur. Þau bentu á ýmis atriði sem mætti laga á skólalóðinni, t.d. fjölga leiktæki, auk þess sem það væri betra ef skólinn væri í einu stóru húsi.

Rýnihópur eldri nemenda var ánægður með kennslu í lotum, þeir ynnu mest í verkefnabókum, bæði ein og í hópum, en einnig væri kennari með innlagnir, horft á bíómyndir og útdrættir úr texta í kennslubókum. Þeim fannst mikið hafa dregið úr vettvangsferðum eftir því sem þau yrðu eldri. Þeir sem höfðu samanburð úr öðrum skólum fannst betra að læra í Waldorfskólanum, kennslan væri öðruvísi og hentaði þeim betur. Meira væri hlustað á nemendur af kennurum en þó væri hlustað meira á suma nemendur en aðra. Stundum væru kennarar að nota ólíkar aðferðir við að kenna það sama sem væri óþægilegt. Námið væri hæfilega krefjandi og þeir sem væru sterkari í íslensku og stærðfræði fengju erfiðari verkefni. Þau sögðust setja sér markmið í námi og heimanámi en þó væri heimanám ekki mikið.

Félagslífið er ágætt að mati eldri nemenda, sameiginleg böll með öðrum Waldorfskóla væru haldin en þau vildu gjarnan fá að taka þátt í viðburðum sem allir skólar í Reykjavík taka þátt í, s.s. á vegum félagsmiðstöðvanna. Flestir tækju þátt í að undirbúa böllin og hægt væri að segja sína skoðun á skólaferðalögum og breytingum í skólanum. Nemendurnir voru ánægðir með fjölda af skólaferðalögum á þessu skólaári.

Að mati eldri nemenda voru reglur skólans eins og í öðrum skólum, þær væru hvergi kynntar eða sýnilegar en ef þær væru brotnar þá kæmu reglurnar best í ljós. Þau voru einnig óviss um viðurlög við þeim, hvort skólastjóri eða foreldrar væru liður í þeim. Líðan nemenda væri almennt góð og allir ættu vini í skólanum, einhverjir væru líka að hittast utan skólatíma. Nemendurnir töluðu nokkuð um þungt loft í skólanum, hljóðbærni milli stofa og umgengni þar sem ósamræmi væri milli umsjónarmanna og sumir kæmust upp með að gera minna. Samskipti nemenda á milli voru oftast vinsamleg en þó ekki í öllum tilvikum miða við athuganir í kennslustundum.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Það sem vel er gert

- Kennarar koma fram við nemendur af tillitssemi og virðingu.
- Í skapandi námi er hægt að grípa hugmyndir nemenda og vinna með þær áfram.
- Nemendur nefndu fjölbreyttar kennsluaðferðir, sérstaklega á yngra stigi.
- Nemendur á öllum stigum nefndu sérstaklega að kennarar hlustuðu á þá og tækju tillit til skoðana þeirra.

Tækifæri til umbóta

- Nemendur setji sér markmið í námi sínu og þjálfist í að meta eigin framfarir.
- Skólareglur mættu vera sýnilegri nemendum þar sem þeir telja allir að slíkar reglur séu til og geta nefnt þær. Viðurlög við brotum á skólareglum mættu líka vera ljósar nemendum.
- Vinnufriður mætti vera meiri og skoða þarf truflun vegna hljóðs úr öðrum kennslustofum.
- Auka virkni nemendafélagsins og skoða hvort hægt er að tengja eldri nemendur skólans við viðburði og félagsstarf annarra unglunga í borginni.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Einkunnarorð skólans eru *hugur – hjarta – hönd* og vísa til þess að unnið er með það í huga að nemendur nýti alla þætti í náminu, líkamlega færni, tilfinningaþroska og hugann, eins og það er orðað í rýnihópi kennara, „þetta á að vera heilandi ferli fyrir barnið“.

Miðað við vettvangsathuganir endurspeglast áhugi nemenda og hæfileikar að nokkru í viðfangsefnum nemenda, tekið er tillit til óska þeirra og samskipti kennara við nemendur einkennast af virðingu fyrir rétti þeirra.

Stuðningur við nám

Sérkennsla í Waldorfskólanum er einstaklingsmiðuð og lagar sig að þörfum nemenda. Kennslunni er hagað á heildrænan máta og í samræmi við aðferðafræði skólans. Listmeðferð og félagsmótun eru hluti af sérkennsluúrræðum ef þurfa þykir auk þess sem unnið er með grunnfög eins og lestur, reikning eða annað sem styður námsferil viðkomandi nemenda (Starfsáætlun, stoðþjónusta). Engir sérkennarar eru starfandi við skólann en tengsl hafa verið við þjónustumiðstöð hverfisins um einstök mál.

Einstaklingsnámskrár eru ekki gerðar nema í undantekningartilvikum og þá til eins mánaðar í senn, að því er fram kom í rýnihópi kennara. Lítið er um að nemendur séu teknir út í séraðstoð, „námsefnið á að skila sér í kennslustund, en stundum hentar það stuttan tíma í einu“ að sögn þátttakenda. Foreldrar eru með í ráðum þegar meta þarf stuðning og sérstök markmið í námi og hegðun.

Í gögnum skólans er ekki að finna upplýsingar um nemendaverndarráð við skólann.

Námsaðlögun

Það sem vel er gert

- Samskipti kennara við nemendur einkennast af virðingu fyrir rétti þeirra.
- Sérkennsla í Waldorfskólanum er einstaklingsmiðuð og lagar sig að þörfum nemenda.
- Listmeðferð og félagsmótun eru hluti af sérkennsluúrræðum og leitað er til fagfólks við skiplagningu á úrræðum.

Tækifæri til umbóta

- Gera einstaklingsnámskrár fyrir nemendur með sérstakar þarfir.
- Veita upplýsingar um nemendaverndarráð eða hvernig farið er með hlutverk þess í skólanum.

Svið III Innra mat grunnskóla

Framkvæmd innra mats

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Í drögum að skólanámskrá og í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2011-2012 er fjallað um helstu leiðir sem Waldorfskólinn Sólstafir fer við að meta sitt innra starf, bæði árangur þess og gæði. Þar kemur fram að stuðst er við sjálfsmatslíkan sem nefnist fjögurra blaða smárinn og á rætur að rekja til Sviss. Ekki liggja fyrir áætlanir um innra mat, hvorki til lengri né skemmri tíma og því er ekki unnt að sjá hvort matið nái til allra helstu þátta í skólastarfinu þegar til lengri tíma er litið.

Í viðtali við skólastjóra og í rýnihóp með kennurum kom fram að kennarahópurinn í heild sinni ber ábyrgð á framkvæmd matsins og tekur virka þátttöku í framkvæmd þess þó að skólastjóri skipuleggi hvað er tekið fyrir hverju sinni. Í sjálfsmatsskýrslu skólans kemur fram að vikulegir kennarafundir eru nýttir sem tæki til sjálfmats og á þeim fer t.a.m. fram mat á námi, framförum og árangri nemenda. Auk þess er sjálfsmat viðfangsefni á starfsdögum á vorin að sögn skólastjóra. Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer að jafnaði ekki fram nema með óformlegu jafningjamati. Mat og ígrundun kennara á eigin starfsháttum er að sögn skólastjóra liður í daglegu starfi þeirra en engar skráningar eiga sér stað og því er ekki um formlegt mat að ræða.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði úttekt á sjálfsmatsaðferðum Waldorfskólans Sólstafa vorið 2009 og heildarniðurstöðurnar voru að sjálfsmatsaðferðir skólans væru fullnægjandi að hluta.

Innra mat er markmiðsbundið

Í skólanum er innra mat notað til að meta stefnu og starfsemi skólans en hvergi er samt dregið skýrt fram í fyrirliggjandi gögnum hvernig einstök markmið skólans eru metin eða hvort öll markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti. Einnig er torvelt að sjá af fyrirliggjandi gögnun að hve miklu leyti innra matið metur leiðir, svo sem verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferla, sem notaðar eru til að ná markmiðum skólans. Verið er að uppfæra námskrá skólans til samræmis við aðalnámskrá grunnskóla og því er ótímabært að segja til um með hvaða hætti grunnþættir menntunar koma til með að endurspeglast í markmiðum skólanámskrár og innra mati skólans.

Fyrirfram skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að í einstökum viðfangsefnum innra matsins hafa ekki verið skilgreind sérstaklega, en skýr og ítarlega skilgreind uppeldis- og kennslufræðileg stefna Waldorfskóla, sem fram kemur í námskrá skólans, skapar að vissu marki viðmið um að hverju skuli stefnt. Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eru sett fram markmið og viðmið um þann árangur sem stefnt er að með umbótum.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Af umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu 2011-2012 að dæma leitast skólinn við að nota fjölbreyttar aðferðir við öflun gagna þó að ljóst sé að vegna smæðar skólans fari gagnaöflun fyrst og fremst fram með eigindlegum aðferðum. Í sjálfsmatsskýrslunni er ekki gerð sérstaklega grein fyrir gagnaöflun í tengslum við þær niðurstöður sem fjallað er um og því er ekki unnt að meta hvort aðferðir sem notaðar eru hæfi viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt var upp með. Ekki kemur fram í sjálfsmatsskýrslu hvort og þá hvernig skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati í innra matið.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Fram kom í rýnihóp kennara, viðtali við skólastjóra og í gögnum frá skólanum að allt starfsfólkið tekur virkan þátt í samræðum um áherslur og forgangsroðun í innra mati og um þróun og umbætur í kjölfar þess. Starfsfólkið tekur einnig virkan þátt í skipulagi og framkvæmd innra matsins og má segja að starfsmannahópurinn í heild sinni myndi matsteymi skólans. Nemendur og foreldrar eru aftur á móti ekki þátttakendur í innra matinu nema að því leyti að leitað er eftir sjónarmiðum þeirra þegar við á. Í rýnihóp með foreldrum kom fram að þeir eru hvattir til að koma ábendingum á framfæri við skólann. Nemendur í rýnihóp sögðu að ef þau myndu vilja breyta einhverju í skólanum þá myndu þau koma því á framfæri með því að tala við foreldra sína.

Ekki verður séð af fyrirliggjandi gögnum að niðurstöður innra mats og umbótaáætlun séu kynntar foreldrum og nemendum eða að þau taki þátt í samræðum og skoðanaskiptum um þróun og umbætur þegar niðurstöður liggja fyrir.

Framkvæmd innra mats

Það sem vel er gert:

- Mat á námi árangri og framförum nemenda er fastur liður í skólastarfinu.
- Í kjölfar innra mats eru umbótamarkmið skilgreind og viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við öflun gagna.
- Góð samvinna er í starfsmannahópnum um innra mat og starfsfólk tekur virkan þátt í matsferlinu.
- Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.

Tækifæri til umbóta:

- Fyrir liggur að gera áætlun um innra mat sem nær til helstu þátta í starfi skólans og birta í skólanámskrá og/eða starfsáætlun.
- Leita þarf leiða til að meta formlega kennslu og starfshætti kennara.
- Betur þyrfti gera grein fyrir, í skólanámskrá og sjálfsmatsskýrslu, hvernig markmið skólans sem sett eru fram í skólanámskrá eru metin.
- Skilgreina ætti fyrirfram viðmið um þann árangur sem stefnt er að í tengslum við markmið skólastefnunnar, þar sem það á við.

- Nýta ætti niðurstöður úr ytra mati, svo sem niðurstöður samræmdra prófa í innra matið.
- Leita ætti leiða til að gera nemendur og foreldra að virkari samstarfsaðilum um innra mat.
- Lagt er til að niðurstöður úr innra mati séu nýttar til að eiga samræður við hagsmunaaðila um þróun og umbætur.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er opinbert

Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2011-2012 og umbótaáætlun liggja fyrir en eru ekki birtar með opinberum hætti, s.s. á heimasíðu skólans. Sjálfsmatsskýrslan er skýrt fram sett og vel er gerð grein fyrir viðfangsefni matsins, helstu niðurstöðum þess og tækifærum til umbóta. Lítið er þó fjallað um tengsl matsins við markmið skólans og aðferðum við framkvæmd, gagnaöflun og úrvinnslu er takmarkað lýst. Niðurstöður eru ekki formlega kynntar fyrir foreldrum og nemendum.

Innra mat er umbótamiðað

Við greiningu niðurstaðna í sjálfsmatsskýrslu eru dregin fram tækifæri til umbóta og á grundvelli þeirra eru skilgreind umbótamarkmið og mælanleg viðmið. Fyrirliggjandi umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður matsins. Í henni koma fram til hvaða aðgerða á að grípa, hver er ábyrgur fyrir umbótunum, hvenær umbótum á að vera lokið og hvernig meta á árangur þeirra. Af sjálfsmatsskýrslunni að dæma er umbótunum fylgt skipulega eftir. Þar sem skólaráð er ekki starfandi í skólanum er ekki um að ræða samráð við það um skipulag umbóta.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Það sem vel er gert:

- Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun eru skýrt fram settar.
- Í umbótaáætlun kemur skýrt fram til hvaða umbóta á að grípa, hverjir bera ábyrgð á umbótum, hvenær þeim eigi að vera lokið og hvernig meta á árangurinn.

Tækifæri til umbóta:

- Bent er á að til bóta væri að gera betur grein fyrir framkvæmd matsins í sjálfsmatsskýrslu, þ.e. gagnaöflun, þátttakendum og úrvinnslu.
- Niðurstöður innra mats þarf að kynna fyrir hagsmunaaðilum og hafa aðgengilegar á heimasíðu. Sama gildir um umbótaáætlanir.

Greining

Styrkleikar

Lýðræðisleg vinnubrögð og valddreifing einkenna samstarf í skólanum. Skólastarfið byggir á skýrri hugmyndafræði og uppeldisstefnu. Leitast er við að samþætta hreyfingu, tjáningu og bóklegt nám og mikil áhersla er lögð á verklega þætti í námi. Símenntun kennara er markvisst tengd hugmyndafræði Waldorfskólanna.

Veikleikar

Ekkert skólaráð er starfandi við skólann eins og skylt er skv. lögum um grunnskóla. Skólanámskrá er aðeins til í óbirtum drögum. Slakur árangur nemenda á samræmdum prófum. Hegðun og aga virðist í einhverjum tilvikum ábótavant sem hefur áhrif á vinnufrið í kennslustundum. Í eldri nemendahópum er skóladagur skemmri en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir, ekki virðist vera leyfi mennta- og menningarmálaráðuneytis fyrir þessu fráviki.

Ögranir

Skólinn er lítill sem m.a. takmarkar tilboð um valgreinar nemenda. Verið er að móta skólastarfið á nýjum stað eftir flutninga á sl. skólaári.

Tækifæri

Efla námsárangur nemenda og auka gæði kennslu. Ljúka skólanámskrárgerð, efla innra mat enn frekar og og huga að aðkomu foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila að þeirri vinnu. Birta starfsáætlun, skólanámskrá og námsvísa á heimasíðu eða á annan opinberan hátt. Endurskoða skólareglur, gera þær sýnilegri og skýra viðurlög við agabrotum.

Samantekt

Fagleg forysta

Það sem vel er gert:

- Stjórnskipulag skólans byggist á valddreifingu og jafningjastjórnun. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í skólanum.
- Öllum aðilum skólasamfélagsins er boðið að taka þátt í stefnumótun skólans með ákveðnu árabili.
- Skólinn hefur skýra stefnu og starfar í samræmi við hana.
- Vel er staðið að því að kynna hugmyndafræði og sérstöðu skólans á heimasíðu.
- Gagnkvæmt traust ríkir milli aðila skólasamfélagsins.
- Faglegt samstarf er við Waldorf leikskólana.
- Góð samskipti innan starfsmannahópsins og mikil samkennd.
- Samskipti nemenda og kennara eru góð.
- Unnið er að nokkrum þróunarverkefnum við skólann og engar hindranir eru í vegi fyrir frekari skólaþróun, að mati kennara.
- Símenntun tekur mið af áherslum skólans og miðar að því að efla starfsmenn í starfi.
- Unnið hefur verið markvisst að því að hækka menntunarstig kennara við skólann á síðustu árum.

Tækifæri til umbóta:

- Formlegt hlutverk skólastjóra innan skólans er ekki skýrt og óljóst hver ábyrgð hans gagnvart kennurum, nemendum og foreldrum er.

- Auka mætti upplýsingamiðlun um skólastarfið, gæði þess og árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi.
- Skólastjóri mætti vera sýnilegri í skólanum, leggja meiri rækt við samskipti við nemendur, starfsfólk og foreldra og veita kennurum endurgjöf á kennsluna.
- Æskilegt er að sýna eða grein fyrir hvernig stjórnun skólans og skiptingu ábyrgðar á verkefnum er háttað og skrá starfslýsingar stjórnanda og allra starfsmanna.
- Æskilegt er að skrá menntun og sérhæfingu starfsmanna á formlega hátt.
- Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur ekki fyrir.
- Æskilegt er að verklagsreglur um meðferð ágreinings og eineltismála í starfsmannahópnum séu aðgengilegar, t.d. á heimasíðu skólans.
- Afla á upplýsinga úr sakaskrá um allt starfsfólk skólans.
- Bent er á að starfsfólk skal undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu.
- Æskilegt er að setja upp formlega fundaráætlun fyrir árið og senda út dagskrá fyrir fundi.
- Æskilegt er að huga að samstarfi við framhaldsskóla.
- Vinna þarf formlega símenntunaráætlun fyrir skólann.

Stefnumótun og skipulag

Það sem vel er gert:

- Unnið er að mótun skólanámskrár til samræmis við aðalnámskrá með styrk frá Sprotasjóði.
- Leiðir til að stuðla að jákvæðum skólabrag eru hluti af grundvallar hugmyndafræði Waldorfstefnunnar sem unnið er eftir í skólanum.
- Námsgreinar/ viðfangsefni er sett upp í lotur yfir skólaárið sem gefur kost á heildstæðri vinnu nemenda.
- Skólareglur liggja fyrir og nemendur hafa tekið þátt í að móta þær.

Tækifæri til umbóta:

- Bent er á að starfsáætlun þarf að endurskoða og uppfæra árlega.
- Gæta þarf að því að starfsáætlun birti allar upplýsingar sem hún á að birta samkvæmt 12. kafla aðalnámskrár.
- Ljúka þarf skólanámskrárgerð til samræmis við 12. kafla í aðalnámskrá grunnskóla og huga að aðkomu foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila að þeirri vinnu eftir því sem við á.
- Við endurskoðun skólanámskrár þarf að skoða sérstaklega hvernig grunnþættir aðalnámskrár; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun, birtast í henni.
- Starfsáætlun, skólanámskrá og námsvísar eiga að vera aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Afla þarf leyfis mennta- og menningarmálaráðuneytis til að færa tíma milli árganga á með lengri skóladegi yngri nemenda og skemmri hjá eldri nemendum en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir. Gera þarf foreldrum grein fyrir þessu fráviki við inntöku nemenda í skólann.

- Æskilegt er að láta koma fram á stundaskrá nemenda að markviss hreyfing er hluti af aðalkennslustund.
- Fyrir liggur að endurskoða þarf skólareglur á grundvelli reglugerðar nr. 1040/2011, einkum þann hluta sem lýtur að viðbrögðum við agabrotum.
- Bent er á að skólareglur þyrftu að vera sýnilegri, til dæmis með því að hafa þær sýnilegar í skólastofum og á heimasíðu skólans.
- Vinna þarf heildstæða forvarnaráætlun fyrir skólann þar sem m.a. kemur fram áætlun í fíknivörnum, áfengis- og tóbaksvörnum, áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi og áætlun í öryggismálum og slysavörnum. Einnig áætlanir um jafnrétti og mannréttindi, viðbrögð við áföllum og agamál sbr. kafli 12 í aðalnámskrá.
- Skilgreina þarf verklag um móttöku nýrra nemenda, nemenda með sérþarfir og nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Móta þarf árlega áætlun um stuðning í námi og þjónustu við nemendur með sérþarfir í samræmi við reglugerð 585/2010.

Samskipti heimila og skóla

Það sem vel er gert:

- Ánægja með umsjónarkennara jókst töluvert í foreldrakönnun 2010 og sú niðurstaða hefur haldist í könnuninni 2012
- Mikil ánægja er með samskipti við starfsfólks og ánægja með gæslu á skólalóð er mun meiri en í öðrum skólum.
- Samkvæmt rýnihópi foreldra eru foreldrar hvattir til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem snerta skólastarfið. Stefna skólans um að styrkja einstaklinginn virkaði mjög vel og nemendur öðluðust sjálfstraust og öryggi í samskiptum.

Huga þarf að umbótum á:

- Ekkert foreldri hafði tekið þátt í að gera námsáætlun með barninu skv. foreldrakönnun en um 40% foreldra í könnuninni lýsti yfir áhuga á því.
- Um þriðjungur foreldra telur að agi í skólanum sé of lítill sem getur m.a. endurspeglast í þeirri niðurstöðu að mat þeirra á líðan nemenda í kennslustundum er lægra en í frímínútum og skólanum í heild sem er öfugt mynstur m.v. aðra skóla í Reykjavík.
- Aðstaða til íþróttaiðkunar og aðgengi nemenda að tölvum er ekki nógu gott skv. foreldrakönnun 2012.
- Ekkert skólaráð er starfandi við skólann eins og skylt er skv. lögum um grunnskóla.

Nám og námsaðstæður

Það sem vel er gert:

- Mikil áhersla er lögð á sköpun, tjáningu og handverk og nemendur fást við fjölbreytt viðfangsefni á sviði list- og verkgreina.
- Mikil áhersla er á útinám og vettvangsferðir eru á stundaskrá einu sinni í viku.
- Nemendur fá góða endurgjöf á þátttöku sína og vinnubrögð í námsverkefnum.
- Stefnt er að því að kveikja áhuga á náminu hjá börnunum og vilja til að afla sér þekkingar og stefnt er að vaxandi ábyrgð nemenda á námi sínu.

Tækifæri til umbóta:

- Skólinn móti sér stefnu til að skima snemma fyrir námserfiðleikum t.d. með því að nemendur skólans taki þátt í lesskimunni Læsi og stærðfræðiskimuninni Talnalykli.
- Efla árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum.
- Auka gæði kennslu og fjölbreytni í kennsluháttum, sérstaklega á unglingastigi.
- Brýnt er að birta námsvísa/námskrár einstakra greina og árganga.
- Æskilegt er að í skólanámskrá komi fram markmið skólans með því að skipuleggja nám nemenda í lotuverkefnum.
- Æskilegt er að auka val nemenda og leita leiða til að bjóða nám í valgreinum á unglingastigi.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Það sem vel er gert

- Kennarar koma fram við nemendur af tillitssemi og virðingu.
- Í skapandi námi er hægt að grípa hugmyndir nemenda og vinna með þær áfram.
- Nemendur nefndu fjölbreyttar kennsluaðferðir, sérstaklega á yngra stigi.
- Nemendur á öllum stigum nefndu sérstaklega að kennarar hlustuðu á þau og tækju tillit til skoðana þeirra.

Tækifæri til umbóta

- Nemendur setji sér markmið í námi sínu og þjálfist í að meta eigin framfarir.
- Skólareglur mættu vera sýnilegri nemendum þar sem þeir telja allir að slíkar reglur séu til og geta nefnt þær. Viðurlög við brotum á skólareglum mættu líka vera ljósar nemendum.
- Vinnufriður mætti vera meiri og skoða þarf truflun vegna hljóðs úr öðrum kennslustofum.
- Auka virkni nemendafélagsins og skoða hvort hægt er að tengja eldri nemendur skólans við viðburði og félagsstarf annarra unglunga í borginni.

Námsaðlögun

Það sem vel er gert

- Samskipti kennara við nemendur einkennast af virðingu fyrir rétti þeirra.
- Sérkennsla í Waldorfskólanum er einstaklingsmiðuð og lagar sig að þörfum nemenda.
- Listmeðferð og félagsmótun eru hluti af sérkennsluúrræðum.

Tækifæri til umbóta

- Gera einstaklingsnámskrár fyrir nemendur með sérstakar þarfir.
- Leita til fagmenntaðra kennara við skipulag náms þeirra nemenda sem þurfa sérstakan stuðning.
- Veita upplýsingar um nemendaverndarráð eða hvernig farið er með hlutverk þess í skólanum.

Framkvæmd innra mats

Það sem vel er gert:

- Mat á námi árangri og framförum nemenda er fastur liður í skólastarfinu.
- Í kjölfar innra mats eru umbótamarkmið skilgreind og viðmið um þann árangur sem

stefnt er að.

- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við öflun gagna.
- Góð samvinna er í starfsmannahópnum um innra mat og starfsfólk tekur virkan þátt í matsferlinu.
- Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.

Tækifæri til umbóta:

- Fyrir liggur að gera áætlun um innra mat sem nær til helstu þátta í starfi skólans og birta í skólanámskrá og/eða starfsáætlun.
- Leita þarf leiða til að meta formlega kennslu og starfshætti kennara.
- Betur þyrfti gera grein fyrir, í skólanámskrá og sjálfsmatsskýrslu, hvernig markmið skólans sem sett eru fram í skólanámskrá eru metin.
- Skilgreina ætti fyrirfram viðmið um þann árangur sem stefnt er að í tengslum við markmið skólastefnunnar, þar sem það á við.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Það sem vel er gert:

- Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun eru skýrt fram settar.
- Í umbótaáætlun kemur skýrt fram til hvaða umbóta á að grípa, hverjir bera ábyrgð á umbótum, hvenær þeim eigi að vera lokið og hvernig meta á árangurinn.

Tækifæri til umbóta:

- Bent er á að til bóta væri að gera betur grein fyrir framkvæmd matsins í sjálfsmatsskýrslu, þ.e. gagnaöflun, þátttakendum og úrvinnslu.
- Niðurstöður innra mats þarf að kynna fyrir hagsmunaaðilum og hafa aðgengilegar á heimasíðu. Sama gildir um umbótaáætlanir.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2011.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Skólanámskrá Waldorfskólans Sólstafa (óbirt drög). 2012-2013. Reykjavík. Waldorfskólinn Sólstafir.

Skólaskýrsla 2011. Reykjavík. Samband íslenskra sveitarfélaga.

Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2012. Reykjavík. Námsmatsstofnun.

Starfsáætlun Waldorfskólans Sólstafa. 2012-2013. Reykjavík. Waldorfskólinn Sólstafir.

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2012. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2012. Waldorfskólinn Sólstafir. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

www.waldorf.is

Fylgiskjöl

1. Matsblöð með viðmiðum um gæði skólastarfs
2. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
3. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
4. Gátlisti um skólanámskrá
5. Gátlisti um starfsáætlun
6. Gátlisti um heimasíðu
7. Gátlisti um skólareglur